

Sp.

662. Nefndarálit

[239. mál]

um till. til þál. um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarþústaðalöndum.

Frá allsherjarnefnd.

Í vaxandi mæli hefur komið til átaka milli þeirra, sem búa í þéttbýli, annars vegar og þeirra, sem til sveita eru, hins vegar, vegna eigna- og þó einkum afnotaréttar af lítt nytjuðum landssvæðum. Afstaða beggja er skiljanleg. Þéttbýlisbúar vilja njóta útivistar og sumardvalar í sambýli við náttúruna, en hinir, bændur og dreifbýlisfólk, vilja vernda gróðurlönd og afréttir fyrir ágangi.

Þessi tillaga er flutt til að sætta sjónarmiðin. Hún á að gera fólki kleift að fá til einkaafnota nokkurt land, sem þó yrði háð skilyrðum um gróðurvernd, ræktun og hóflega umgengni. Ríkissjóður á nú um 900 jarðir, sem sumar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar, og styður nefndin þá hugmynd, að þær jarðir, sem ekki eru í ábúð, og hentugar eru til skipulagningar sumarþústaðalanda, séu til þess nýttar.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jónas Árnason.

Alþingi, 10. maí 1975.

Ellert B. Schram,
form., frsm.

Jón Skaftason.

Ólafur G. Einarsson.

Ólafur Ólafsson.

Magnús T. Ólafsson.

Lárus Jónsson.